

# STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1976

---

Nr. 120.

216

3. maí 1976.

## REGLUGERÐ

### um bensíngjald.

#### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 4. maí 1976 nema kr. 17,59 af hverjum lítra.

#### 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 4. maí 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. laga nr. 79/1974 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 4. maí 1976, skal greiða kr. 1,59 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 4. maí 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 4. maí 1976.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 3. maí 1976. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 118 28. apríl 1976.

*Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Höskuldur Jónsson.*

---

Stjórnartíðindi B 17, nr. 120. Útgáfudagur 3. maí 1976.